

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Hagnýt menningarmiðlun

Geimstöðin

Greinargerð um heimildarmynd

Greinargerð til MA-prófs í Hagnýtri menningarmiðlun

Bjarni Klemenz Vesterdal

KT:0708783139

Steingrímur Dúi Másson

Október 2015

Ágrip

Vorið 2012 gerði ég stutta heimildarmynd *Herstöðin* í áfanga innan Hagnýtrar menningarmiðlunar (HMM). Hún fjallaði um meistaranema í heilsuhagfræði sem bjó á gömlu herstöðinni á Miðnesheiði. Hún var sýnd í Bío Paradís ásamt fleiri kvikmyndum. Ég heyrði af viðbrögðum áhorfenda að þeir höfðu húmor fyrir heilsuhagfræðingnum á gömlu NATO stöðinni. Ég áttaði mig strax á því að þetta gæti orðið lengri kvikmynd. Miðnesheiðin er falinn fjársjóður sem mig langaði til að miðla til fólks.

Í þessari greinargerð reyni ég að útskýra vinnsluferlið að baki *Geimstöðin* (2015), auk þess fá mörg sjónarmið - sem ekki komust fyrir í heimildarmyndinni - pláss í greinargerðinni. Það er von mín að þessi greinargerð stækki þann hugmyndaheim sem *Geimstöðin* birtir. Þar að auki fjalla ég talsvert mikið um aðrar heimildarmyndir og hugmyndafræði að baki heimildarmyndargerð til að varpa ljósi á stefnuna sem mótaðist við tökurnar á *Geimstöðinni*.

Þakkir

Í sambandi við *Geimstöðina* langar til að þakka leiðbeinanda mínum Steingrími Dúa Mássyni, kærustu minni Önnu Guðnýju Gröndal, og hljómsveit hennar *Börn*.

Ég get tekið hvaða tómt rými sem er og talað um autt svið. Manneskja gengur þvert yfir þetta tóma rými meðan önnur horfir á og þetta er allt og sumt sem við þurfum til að leiklist eigi sér stað.¹

¹ Peter Brook, *Tóma rýmið*, ritstj. Guðni Elísson. Silja Björk. Huldudóttir þýddi og ritaði inngang, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003, bls.35.

Inngangur.....	5
Sannleikur í heimildarmyndargerð.....	6
Pólítískar heimildarmyndir.....	11
Leigumarkaðurinn fátækrahverfi.....	14
Vinstri eða hægri.....	17
Ásbrú/Kadeco.....	19
Glæný merking.....	21
Greiningarrammi Bill Nichols.....	24
<i>Geimstöðin</i>	26
Kvikmyndaferlið.....	29
Lokaorð.....	30
Heimildarskrá.....	31

